

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 22. gr. laga nr. 11 28. apríl 1975, um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarþúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara og í 27. gr. laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 145.

30. apríl 1975.

AUGLÝSING

um niðurfellingu söluskatts af nokkrum tegundum matvöru.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að nýta heimild í 22. gr. laga nr. 11 frá 28. apríl 1975 til að fella niður söluskatt frá og með 1. maí 1975 af vörum, sem falla undir eftirfarandi tollskrárnúmer, sbr. lög nr. 6/1974 um tollskrá og fleira:

Tollskrárnúmer	Vöruheiti
07.01.20	Tómatar
07.01.31	Laukur
07.01.39	Annað nýtt grænmeti
08.01.10	Banarar, nýir
08.01.30	Ýmsir ávextir, nýir
08.02.10	Appelsínur, tangarínur, mandarínur og klementínur
08.02.21	Sítrónur
08.02.21	Aðrir citronávextir
08.03.10	Fíkjur, nýjar
08.04.10	Vínber, ný
08.05.00	Hnetur, nýjar
08.06.10	Epli
08.06.20	Perur og kveður
08.07.00	Steinaldin, ný
08.08.00	Ber, ný
08.09.01	Melónur
08.09.09	Aðrir nýir ávextir
09.01.11	Kaffi í smásöluumbúðum
09.01.12	Kaffi í öðrum umbúðum
09.02.00	Te
18.05.01	Kakaoduft, ósykrað í smásöluumbúðum
18.05.09	Kakaoduft, ósykrað í öðrum umbúðum
18.06.01	Kakaoduft, sykrað
19.07.00	Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur án viðbætts sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta
19.08.00	Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaó enda innihaldi vörur þessar minna en 30% af þunga af súkkulaði

Niðurfelling söluskatts tekur jafnt til innlendirar framleiðslu er félli undir ofangreind tollskrárnúmer sem innflutnings.

Undanþágur skv. auglýsingu þessari taka þó ekki til sölu þessara vara í veitingahúsum, greiðasölustöðum, smurbrauðsstofum og öðrum hliðstæðum sölustöðum, né heldur til sölu vara, sem unnar eru úr þessum vörum.

Smásöluverslanir, sem selja bæði söluskattfrjálsa og söluskattskyldar vörur skulu halda innkaupum á skattfrjálsum og skattskyldum vörum aðgreindum í bókhaldi eins og nánar er ákveðið í reglugerð fjármálaráðuneytisins 30. apríl 1975 um það efni. Þær verslanir, sem eiga birgðir af áður nefndum vörum í byrjun maímánaðar 1975 og njóta vilja frádráttar frá heildarveltu vegna þeirra við söluskattsuppgjör fyrir þann mánuð, skulu senda skattstjóra birgðaskrá með söluskattskýrslu fyrir maímánuð.

Þeir aðilar, sem selja söluskattfrjálsar vörur til endurseljenda skulu halda þeirri sölu aðgreindri frá annarri sölu á sölureikningum.

Fjármálaráðuneytið, 30. apríl 1975.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þorsteinn Geirsson.